

Annar fundur Skólaráðs Urriðaholtsskóla 13. desember 2018

Dagskrá

1. Skóladagatal skólaárið 2019-2020

Þorgerður Anna fer lauslega yfir sögu viku vetrarfrís í Garðabæ sem og útskýrir fyrirkomulag undirbúningsdaga og skipulagsdaga í leik- og grunnskóla. Hún kynnir þá tillögu að dagatali sem skólastjórnendum Urriðaholtsskóla hugnast best. Verið er að funda í öllum skólum bæjarins um nýtt skóladagatal. Ekki hefur verið tekin sameiginlegur fundur með leikskólum ennþá. Greint frá því að vinnan við nýtt dagatal er í gangi og við munum taka það fyrir þegar endanlegt dagatal liggur fyrir. Almennt spjall um fyrirkomulag vetarfría í Noregi, vika að hausti og vika að vori og lengra skólaár.

2. Framkvæmdir í húsi og framhald

Skriptiborð á yngstu heimasvæði í framleiðslu og verið að vinna að því að laga útihurðir sem haldast ekki lokaðar í verri veðrum. Útboð í innréttingar grunnskólahúss var fyrir þremur vikum og er í farvegi. Rætt um vanda með hita/kulda í húsinu og að verið sé að vinna að því. Sagt frá óskum um að innréttingar séu lausar eins og hægt er til að þjóna þeim hóp sem þar er hverju sinni.

3. Nemendafjöldaáætlun næsta skólaár. 38 börn eru með lögheimili í hverfinu, 25 eru þegar í Urriðaholtsskóla. Börn fædd 2009 til 108 eru 191 í hverfinu og eru 95 leikskólabörn og 25 grunnskólabörn það lætjur því út fyrir að skólinn verði mun fjölmennari næsta vetur. Rætt um erfiðleika við að fá fólk til að vinna á leikskólum.

4. Starfið og mönnun vetrarins. Greint frá því að tvær reyndar konur komi að vinna hjá okkur. Koma um leið og þær ljúka störfum þar sem þær eru nú. Greint frá öðrum umsóknum sem er ekki búíð að ráða. Það verður auglýst aftur eftir áramót og haldið áfram að vinna að því að fá gott fólk í hús fyrir næsta haust. Sagt frá samgöng á síðasta föstudag og kórstarfi á Klifi. Sagt frá hversu vel gekk á leiksýning. Sagt frá jógatímum hjá grunnskólabörnum fyrst að morgni og hversu vel það gengur. Sagt frá námskeiði í hegðunarkennslu sem hefði heppnast mjög vel. Þá var námskeið í kynjafræði sem gekk afar vel og mælt með að foreldrar fái námskeið í sama efni á yngsta stigi. Greint frá stöðu námsmatsvinnu í skólanum og að námsmat verði komið í farveg á næsta ári.

5. Önnur mál

Farið yfir samskiptaviðmið foreldra og starfsfólks og rætt sérstaklega um liðinn um samfélagsmiðla og síma. Allir taka eintak með sér heim og óskað eftir því að senda athugasemdir til aðstoðarskólastjóra ef einhverjar eru. Skjalið fer inn á heimasíðu skólans næstkomandi mánudag og skulu athugasemdir hafa borist fyrir þann tíma. Greint frá því að skóladagatal skuli vera tilbúið fyrir næsta skólaráðsfund þann 13. febrúar næstkomandi.

Guðmunda Valdimarsdóttir
Þórey Huld Jónsdóttir
Sandra Guðmundsdóttir
Una Guðrún Einarsdóttir
Þorgerður Anna Arnardóttir